



Sáttmáli ÍSS *Reglur um ferðir á vegum ÍSS*

Keppendur, fararstjórar, þjálfarar og dómara skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSS og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan.

Á ferðalagi sameinast allir í að vinna að velferð hópsins, góðri ímynd, liðsheild og velgengni. Agabrot geta leitt til ferðabanns eftir nánari ákvörðun stjórnar ÍSS og siðanefndar ÍSS.

Hér má finna nýtsamlegar upplýsingar og til hvers er ætlast af þér og öðrum í þínu liði og hvert hlutverk ykkar er.

Ísland heldur alþjóðlegar keppnir (RIG og Norðurlandamót), eitthvað sem þú mátt gjarnan auglýsa þegar þú ert fulltrúi landsins. Saman getum við lyft Íslandi á hærra plan sem spennandi valkosti alþjóðlegra keppna. Íþróttin á Íslandi er í mikilli sókn og við eigum metnaðarfulla og frambærilega skautara sem vert er að kynna.

Við sem skautafjölskyldan á Íslandi:

- Störfum af heilindum.
- Einblínum á gæði og þróun.
- Styðjum og hvetjum hvert annað.
- Leitumst við að bæði sækjast eftir og deila upplýsingum.
- Vinnum eftir einkennisorðunum: "ALLIR EIGA MÖGULEIKA".
- Sjáum hið jákvæða í öllu og öllum.
- Lærum af mistökum.
- Gleðjumst yfir velgengni annarra.
- Tökum ábyrgð á gerðum okkar og erum heiðarleg.
- Virðum og umberum ólíkar skoðanir.
- Mætum hraust til leiks, erum lyfjalaus og stöndum fyrir heiðarleika í íþróttum og virðum reglur um áfengi og tóbak.
- Virðum ákvarðanir yfirstjórnar.
- Vitum að allt er mögulegt og að saman getum við gert kraftaverk.

Varamenn

Þú sem ert valinn sem varamaður skalt undirbúa þig á sama hátt eins og um aðalmann væri að ræða.

Skautari

Þú sem skautari fyrir Ísland, hvort sem er í Afrekshópi, Úrvalshópi eða Landsliðshópi, hefur með árangri þínum náð viðmiðum til að vera fulltrúi Íslands. Þetta er heiður sem þú átt skilið. Þú hefur náð þessum árangri með dugnaði þínum og með stuðningi þjálfara þíns og félags.

Sem afreksskautari eða úrvalsskautari er mikilvægt að þú hugsir til þess að þú ert fyrirmynd og góður fulltrúi ekki einungis fyrir þig sjálfa heldur einnig fyrir Skautasambandið, íþrótt þína og Ísland.

Hér færðu gagnlegar upplýsingar sem þú skalt kynna þér vel um leið og þú kemst í hópinn og hafa stöðugt til hliðsjónar í keppnisferðum og öðrum verkefnum sem þú ert valinn í.

Við mælum með því að þú aflir þér upplýsinga um hverja þá keppni sem þú kemur til með að taka þátt í t.d. mótatilkynningu, skipulag mótsins, heimasíðu mótshaldara o.s.frv og að þú kynni þér styrki/þátttökukostnað, tryggingar o.þ.h.

Undirbúningur

Þú skalt láta vita ef þú verður veik/ur eða meiðist eða af einhverjum öðrum ástæðum getur ekki uppfyllt viðmið eða sinnt keppnisundirbúningi sem skildi. Mundu að láta vita með góðum fyrirvara.

Þú þarft að sjá til þess að vegabréfið þitt gildi í amk. 6 mánuði eftir keppni. Tryggingar þínar þurfa að vera í lagi. Skautasambandið sér ekki um tryggingar. Þú berð ábyrgð á að kanna hvort sækja þurfi um vegabréfsáritun og fá hana. Vegabréfsáritanir geta tekið langan tíma og sum lönd krefjast bæði vegarbréfsáritunar og auka vegabréfsmynda við komuna til landsins.

Sjáðu til þess að allar upplýsingar um þig séu réttar s.s. innihaldslýsing prógrama, upplýsingar um tónlist, diskar (CD)/ mp3, upplýsingar til mótshaldara eða fjölmiðla. Þessar upplýsingar skulu sendar til ÍSS ef eftir þeim er kallað.

Skoðaðu mótatilkynninguna og athugaðu hvort þátttaka í galasýningu er skylda. Ef svo er þarftu vera tilbúin að taka þátt í galasýningunni. Taktu með þér gala tónlistina þína og klæðnað.

Anti doping

Skautasambandið er lyfjalaust samband. Þú berð ábyrgð á því að neyta ekki ólöglegra efna. Til eru ólyfseðilsskyld lyf sem eru samt sem áður á lyfjalista svo það er mikilvægt að þú hafir þetta í huga. Skautasambandið varar við notkun fæðubótarefna þar sem innihaldslýsingum er oft ábótavant og gæti innihaldið óleyfilegt efni. Notir þú lyf sem eru á lyfjalista skaltu, áður en þú neytir lyfsins, sækja um undanþágu til ISU. Notaðu “therapeutic use exemptions standard application form” eða “declaration of use” sem eru eyðublöð sem má finna á heimasíðu ISU. Skautarar sem þetta varðar eru sjálfir ábyrgir fyrir umsókninni skv. reglum World Anti Doping Association, WADA. Hafir þú spurningar skaltu beina þeim til skrifstofu.

Á keppnisstað

Þú skalt nálgast upplýsingar og fylgja leiðbeiningum fararstjóra. Þú skalt taka þátt í þeim viðburðum sem fararstjóri skipuleggur eða eftir samkomulagi. Það er eðlilegt að t.d. tímaáætlun breytist með stuttum fyrirvara á meðan á keppni stendur, þess vegna skaltu alltaf tryggja að fararstjórinn viti hvar þú ert svo hann geti náð í þig. Það er einnig mikilvægt að þú sjálf fylgist með og vitir af breytingum ef einhverjar verða þar sem fararstjóri gæti verið upptekinn í öðru verkefni.

Beiðni um viðtöl og samband við fjölmiðla skulu alltaf fara í gegn um fararstjóra.

Það er mikilvægt að þú leggir þitt af mörkum til þess að halda góðum liðsanda og að þið saman myndið góða liðsheild. Það er líka gott og gefandi að þú myndir tengsl við þátttakendur frá öðrum löndum með því að koma fram fyrir hönd Skautasambandsins, Íslands og þín sjálfs á jákvæðan hátt.

Hafðu í huga að vera góð fyrirmynd með íþróttamansslegri framkomu í keppni sem og utan.

Neysla áfengis er bönnuð öllum undir 20 ára. Skautarar eldri en 20 ára mega ekki neyta áfengis í landsliðsæfingabúðum, alþjóðlegum keppnum eða öðrum verkefnum Skautasambandsins.

Auglýsingar/trademarks

Allar auglýsingar á fatnaði eru undir yfirráðum Skautasambandsins. Engir persónulegir styrktaraðilar skautara eru leyfðir án samþykkis Skautasambandsins. Reglugerð um merkingar og auglýsingar gildir. Það er afar mikilvægt að styrktaraðilar okkar séu sýnilegir í þeim tilfellum þar sem samneyti er við blaðamenn og ljósmyndara.

“Kiss & Cry” er eitt af mikilvægustu svæðunum þar sem logo styrktaraðila er sýnilegt í mynd. Klæðast skal landsliðspeysu þannig að vörumerki/logo styrktaraðila sjáist.

Útbúnaður/minnislisti

- Þú ert ábyrgur fyrir keppnis- og æfingafatnaði þínum.
- Landsliðsfatnað skal nota við út og heimferð, útdrátt sem og opinberar æfingar og eins oft og hægt er dagana á keppnisstað. Landsliðsfatnað færðu á skrifstofu.
- Tónlist merkt með nafni, keppnisflokki, landi, lengd, SP/FS auk varadiska er á þína ábyrgð.
- Þú ert ábyrgur fyrir aukahlutum eins og reimum, auka skautum, sokkabuxum, kjólum, hlífum og skrúfjárnri svo eitthvað sé nefnt.
- Fínni fatnaður. Taktu með buxur/pils, jakka/kjól til formlegs kvöldverðar.
- Vegabréf, tryggingapappírar og vegabréfsáritun ef þarf.
- Viðurkennda pappíra frá ISU vegna lyfja.
- Afrit af pappírnum (mótadagskrá, mótatilkynningu og þess háttar).
- Fyrstuhjálparpakki (First aid).
- Gott skap.
- Taktu endilega með fána eða annað til að hvetja liðsfélaga þína úr stúkunni.
- Þennan sáttmála.
- Fylgdu reglum um fjármál.

Fylgdarmaður/chaperone

Fylgdarmenn eru velkomnir í keppnisferðum sem áhorfendur eingöngu en taka ekki þátt í skyldum liðsins.

Óskir um fylgdarmenn skal tilkynna skrifstofu.

Skautasambandið bókar ekki ferðir fyrir fylgdarmenn né gistingu eða miða fyrir keppnina.

Fylgdarmenn standa undir kostnaði vegna eigin ferðar.

Fylgdarmönnum er ekki leyfilegt að fara með keppendur af mótisstað eða í einkaerindum nema með samþykki þjálfara og fararstjóra.

Góðar samskiptareglur á mótisstað gilda einnig fyrir fylgdarmenn.

Fararstjóri - Team leader

Í ferðum á vegum ÍSS getur verið skipaður fararstjóri.

Hann getur komið úr röðum þjálfara, starfsmanna á panel eða annarra eftir stærð liðsins og tegund keppni.

Fararstjóri er formlegur fulltrúi Skautasambandsins í keppninni og milligöngumaður milli liðsins, mótshaldara og fjölmiðla.

Ábyrgðarhlutverk

- Halda saman og leiða liðið.
- Skapa góða stemmingu og samheldni á keppnisstað.
- Vera hlutlaus aðili fyrir bæði skautara og þjálfara.
- Eiga síðasta orðið í ákvarðanatöku.
- Vera í sambandi við fjölmiðla.
- Þekkja og geta miðlað upplýsingum úr þessum sáttmála.

Það er mikilvægt að Skautasambandið haldi góðu sambandi við erlend skautasambönd og ISU til að styrkja og þróa okkar erlenda tengslanet. Fararstjóra er ætlað að gæta sérstaklega að samskiptum á mótssstað.

Undirbúningur

Hafðu samband við skautara og þjálfara sem valdir hafa verið til ferðarinnar. Sjáðu til þess að allir séu vel upplýstir t.d.

- Hvar liðið hittist, tími, staður, ferðaplön o.þ.h.
- Hagnýtar upplýsingar um keppnina sem getur stuðlað að bættum undirbúningi skautaranna.
- Kynntu þér nákvæmlega mótatilkynningu, hvaða hóteli þið verðið á, ferðir til og frá flugvelli/hóteli/skautahöll ásamt öðrum mikilvægum upplýsingum milli mótshaldara og skrifstofu ÍSS.
- Þekktu reglur og hafðu jafnvel reglubækurnar með þér.
- Þekktu lyfjareglurnar (anti doping).
- Kannaðu á skrifstofu hvort hafa þarf þjóðfána og þjóðsöng á disk (CD) meðferðis.
- Kynntu þér þennan sáttmála vel.

Útvegaðu:

- Keppnisstaðfestingu og allar aðrar upplýsingar frá mótshaldara.
- Samskipti sem farið hafa fram milli skrifstofu og mótshaldara.
- Upplýsingar um fjármál.
- Nælur, gjafir til mótshaldara ef þarf.
- Fána og þjóðsöng (ef þarf).

Hafðu samband við skrifstofu ef þig vantar upplýsingar.

Á keppnisstað

- Tilkynntu komu liðsins.
- Taktu þátt í opinberum erindum, boðum, útdrætti o.þ.h.
- Aflaðu upplýsinga um allt er við kemur keppninni.
- Þú berð ábyrgð á tímaplani skautaranna og að þeir séu upplýstir um í hverju þeir eiga að taka þátt.
- Vertu alltaf meðvitaður um hvar liðið er og skautarnir eiga að láta þig vita hvar þeir eru. Vertu alltaf í sambandi.
- Vertu viðstaddur æfingar skautara eins og mögulegt er.
- Vertu í góðu sambandi við þjálfara vegna tímaplans.
- Þú ert sá sem leggur fram kærur eða kvartanir ef einhverjar eru.
- Við lyfjapróf á mótstað ert þú í forsvari fyrir skautarann.
- Þú ert ábyrgur fyrir samskiptum við fjölmiðla á staðnum.
- Fylgstu með að reglum um auglýsingar/trademarks sé fylgt (sjá reglugerð).

Minnislisti

- Vekjaraklukka, skeiðklukka, skrufjárn, nál og tvinni, hleðslutæki.
- Fyrstuhjálparpakki (First aid).
- Reglur, boð og aðrar upplýsingar um keppnina frá skrifstofu.
- Þessi sáttmáli.

Eftir heimkomu

Innan tilskilins tíma skaltu skila ferðaskýrslu og þeim kvittunum sem þú hefur verið beðinn um til skrifstofu.

Þjálfarar

Sem þjálfari skautara í alþjóðlegri keppni ertu fulltrúi á vegum Skautasambandsins og Íslands. Þú ert ábyrgur fyrir þínum skauturum og gagnvart liðinu í heild.

Þjálfarar skulu ávallt vinna í samráði við farastjóra, fararstjóri hefur lokaorðið ef upp kemur ágreiningur.

Þú berð ábyrgð á að:

- Sjá um æfingar á ís, upphitun og keppnisundirbúning skautaranna.
- Upplýsa og komast að samkomulagi um fyrirkomulag ferðarinnar með öllum hlutaðeigandi.
- Kynna þér mótatilkynningu.
- Skapa góða stemmingu og samheldni í öllu liðinu.

Það er mikilvægt að Skautasambandið eigi góð samskipti við aðra skautara, önnur skautasambönd og ISU, það styrkir og þróar tengslanet okkar. Vandaðu samskipti við alla aðila.

Undirbúningur:

- Farðu í gegnum undirbúning ferðarinnar með þínum skauturum, fyrir keppni og hvernig þú sérð fyrir þér að hlutirnir eigi að ganga fyrir sig á mótssstað, hafðu varaáætlun.
- Athugaðu hvort þú þarft vegabréfsáritun og útvegaðu þér hana ef svo er.
- Aflaðu þér allra upplýsinga frá skrifstofu s.s. ferðapappíra og upplýsingar frá mótshaldara.
- Fylgdu reglum um fjármál.
- Athugaðu keppnisreglur og aðrar reglur með góðum fyrirvara.
- Fylgdu ISU Code of Ethics.

Annað

Kynntu þér reglur um klæðaburð, framkomu og auglýsingar á fatnaði. Upplýsingar sem gilda um skautara, fararstjóra og starfsfólk á panel gilda einnig um þjálfara.

Sérta fararstjóri ferðarinnar gilda reglur fararstjóra einnig um þig.

Starfsfólk á panel

Þar sem þú hefur verið valinn til starfa á panel í alþjóðlegri keppni ertu fulltrúi Skautasambandsins og Íslands. Þitt verkefni er að styrkja og þróa alþjóðlegt tengslanet skautaíþróttarinnar fyrir hönd Íslands.

Mikilvægt er að þú takir þátt í að viðhalda góðri stemmingu og samheldni innan íslenska liðsins, á meðan á keppni stendur. Það er heiður að vera fulltrúi Íslands!

Hluti starfa þinna í ferðinni gæti verið að aðstoða fararstjóra eftir þörfum. Í einhverjum tilfellum getur fararstjóri ekki sinnt öllum í ferðinni og þá verður þú að vera til taks.

Sértu jafnframt fararstjóri, gilda reglur fararstjóra einnig um þig.

Á mótsstað

- Skráðu þig inn með landsliðinu ef hægt er (fluginnritun og/eða hótél).
- Vertu í sambandi við fararstjóra.
- Taktu þátt í fundum, boðum, útdrætti o.þ.h.
- Aflaðu þér upplýsinga um allt er viðkemur keppninni.
- Vertu viðstaddur æfingar, ef því verður við komið, svo þú getir fylgst með íslensku skauturunum og keppnistíma þeirra.
- Kynntu þér tímasetningar keppninnar.
- Hafðu samband við fararstjóra ef þú hefur eitthvað sem þú vilt koma á framfæri er varðar íslensku skautarana og prógröm þeirra.
- Farðu yfir atriði í skautaprógrami með skautaranum/þjálfaranum/fararstjóranum ef um það er beðið og tími vinnst til.
- Taktu þátt í umræðum og/eða nauðsynlegum fundum.
- Mættu tímanlega á keppnisstað
- Fylgdu reglum Skautasambandsins.
- Fylgdu ISU Code of Ethics.

Minnislisti

- Reglur, keppnisboð og/eða þær upplýsingar sem skrifstofa lætur þér í té varðandi keppnina.
- Annað sem þú þarft á að halda í störfum þínum á panel.
- Viðeigandi fatnaður.